

Viðar Hreinsson:

Skýrsla framkvæmdastjóra RA-ses. um starfsemi ársins 2009

Inngangur - starfið almennt.

Starfsemi RA má í meginatriðum skipta í þrennt:

1. Rannsóknir og miðlun einstakra meðlima sem vinna að sínum eigin verkefnum.
2. Sameiginleg verkefni sem RA sem stofnun ýmist styður eða hefur tekið frumkvæði að.
3. Fyrirlestra og fundaraðir um fræðileg efni og brýn samfélagsleg álitamál.

Jafnan hefur verið lögð áhersla á að styðja við stúdenta í framhaldsnámi og nýútskrifaða fræðimenn með MA- og doktorspróf. Í RA hafa þeir fundið sér vettvang og fræðilegan stuðning, stigið sín fyrstu skref á vettvangi fræðanna, skapað sér nafn og margir fengið stöður við háskóla og aðrar stofnanir. Framkvæmdastjóri hefur jafnan lagt áherslu á að styðja við þennan hóp með verkefnum og hvatningu en það er oft uppá von og óvon vegna þess að margir staldra stutt við. Gegnumstreymið hefur valdið því að örðugra er en ella að mynda festu í starfi RA.

Í gegnum tíðina hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að skilgreina RA og greina sóknarfæri. Fyrstu mánuði ársins 2008 vann framkvæmdastjóri töluvert að því að greina stöðu mála og kynnti þá skoðun sína að tveir möguleikar væru í stöðunni. Annars vegar að halda áfram starfi RA nánast í formi húsfélags og laga framtíðarstarfið að því, hins vegar að halda áfram þeirri starfsemi en stefna samhliða að markvissri uppbyggingu akademískra verkefna. Form húsfélags fæli í sér hættu á stöðnun, meðan efling rannsókna og uppbygging í hug- og félagsvísindum fælu í sér verkefna- eða atvinnusköpun og betri nýtingu starfskrafta félaga RA. Með því gætu orðið að veruleika þeir möguleikar sem í RA hafa búið frá upphafi.

Sú leið að stefna að nýrri uppbyggingu fékk stuðning félaga og stjórnar og hefur verið unnið að henni eftir föngum. RA hefur í þeim tilgangi haft frumkvæði að samstarfi við ýmsar stofnanir á landsbyggðinni með það fyrir augum að koma á samstarfsneti. Varnarbarátta vegna kreppunnar hefur þó truflað vinnu á þessum vettvangi en gæta þarf þess að gleyma ekki sóknarfærunum.

Á árinu kom út saga RA: *Fræðimenn í flæðarmáli. Saga ReykjavíkurAkademíunnar* eftir dr. Árni Daníel Júlíusson sagnfræðing. Þar kemur skýrt fram að RA hefur myndað

mótvægi við þá slagsíðu fræða- og háskólasamfélagsins undanfarinn áratug þar sem alræði markaðshyggjunnar hefur stutt einhliða uppbyggingu viðskipta- og markaðstengds náms, meðan hug- og félagsvísindi hafa legið óbætt hjá garði.

Annars hefur starf framkvæmdastjóra að veltu snúist um daglega stjórnun, rekstur og starf að hagsmunum og uppbyggingu RA og ekki síst að gera RA sýnilega í landslagi fræða og menningar. Þá er rétt að geta þess að á árinu rann út þjónustusamningur RA við Reykjavíkurborg en hann var ekki endurnýjaður fyrr en eftir áramót 2010.

Hér á eftir fara helstu verkefni ársins 2009:

Verkefni og starfsemi

1. Rekstur, starfsfólk, húsnæði osfr.

Húsnæðismál draga dóm af kreppunni. Allt árið gildi samkomulag við leigusala um að lækka mánaðarlegaleigu um 15% til bráðabirgða jafnframt var vísitöluhækkun á framleigu félaga RA tekin úr sambandi. Þetta ástand hefur valdið því að erfitt er að fást við húsnæðismál og vinna að viðhaldi á húsnæðinu.

Ásthildur Valtýsdóttir hætti störfum í nóvember og var ákveðið að Sólveig Ólafsdóttir tæki að sér skrifstofustörfin til bráðabirgða þangað til lokið væri endurskipulagningu á rekstri og starfsemi. Ráðningarsamningur við Viðar Hreinsson framkvæmdastjóra rann út um áramótin 2010 og varð að samkomulagi að hann starfaði til bráðabirgða fram að næsta aðalfundi, en þá kæmi fyrrnefnd endurskipulagning til framkvæmda.

2. Tengsl við háskólasamfélagið

Allt frá því núverandi framkvæmdastjóri tók til starfa haustið 2005 hefur hann lagt áherslu á að ryðja RA til rúms og viðurkenningar í háskóla- og rannsóknasamfélaginu. Þátttaka í slíku starfi fellur undir stuðningssamning RA við ríkisvaldið. Á árinu 2009 vann framkvæmdastjóri töluvert að því að mynda tengsl við forstöðumenn háskóla- og rannsóknastofnana í því skyni að leggja saman vannýtta krafta. Hann starfaði til að mynda töluvert með Skúla Skúlasyni rektor Hólaskóla, Stefaníu Kristinsdóttur framkvæmdastjóra Þekkingarnets Austurlands, Þorvarði Árnasyni forstöðumanni háskólasetursins á Höfn og Rögnvaldi Ólafssyni forstöðumanni Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands. Þá var

framkvæmdastjóri skipaður í rýnihóp menntamálaráðherra um endurskoðun háskólastigsins í kjölfar tveggja skýrslna sem gerðar voru í kjölfar þess að kreppan skall á. Formaður rýnihópsins var Berglind Rós Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá menntamálaráðherra. Hópurinn hélt marga fundi og skilaði allitarlegri álitargerð, þar sem meðal annars var mælt með því að kortleggja öll fræða- og þekkingarsetur á landinu og leggja til leiðir til að nýta krafta þeirra betur. Var framkvæmdastjóri skipaður í hóp á vegum ráðuneytisins til að starfa að því verkefni.

Þá var haustið 2009 hrint í framkvæmd því nýmæli í starfi RA að bjóða stúdentum í MA- eða doktorsnámi endurgjaldslausu aðstöðu í þrjá mánuði, en að þeim tíma loknum gæfist þeim kostur á að leigja aðstöðuna á hefðbundnu verði. Þessi tilraun var gerð til að fá nýtt blóð inn í RA og hefur gefist einstaklega vel. Þessu verður haldið áfram.

3. Rannsóknir

Framkvæmdastjóri hefur í gegnum árin reynt að koma að stefnumótun RANNÍS til þess að halda á lofti hagsmunum sjálfstætt starfandi fræðimanna og halda fram hlut hug- og félagsvísinda. Vonandi hefur sú viðleitni einhvern árangur borið. Þó hefur gengið upp og ofan við að afla styrkja frá RANNÍS. Á tímabili var afraksturinn góður, sumpart með bættem úthlutunarreglum. Síðustu tvö árin árin hefur forsvarsmönnum RA þó sýnst að RANNÍS sé fremur sniðið að hefðbundnum háskólastofnunum og því líkast að prófessorar við Háskóla Íslands séu í fastri áskrift að verkefnastyrkjum í hug- og félagsvísindum. Félagar RA hafa ekki fengið neina verkefnastyrki við síðustu tvær úthlutanir og ekki fékkst heldur öndvegisstyrkur þótt umsókn sem RA stóð að hafi fengið afburðagóða umsögn. Vera kann að hér sé verið að láta undan þrýstingi vegna hinnar vaxandi kröfu til háskólanna um sjálfsaflafé en sumir freistast jafnvel til að álykta að þarna hljóti að vera um meðvitaða stefnu að ræða, að halda RA sem mest utan hins opinbera styrkjakerfis. Sé svo er það heiftarlega misráðið því RA er getur vissulega talist einn álitlegasti vaxtarsprotinn í íslensku rannsóknasamfélagi.

Í uppbyggingu rannsókna í RA eru þrjár fræðilegar meginstoðir:

1. *Ísland og ímyndir norðursins, ÍNOR*. Alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem naut öndvegisstyrks frá RANNÍS 2007-2009. Aðalstjórnendur þess eru Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur í RA og Daniel Chartier. Meðal þátttakenda er á

annan tug núverandi og fyrrverandi fræðimanna RA. Sjá nánar á <http://inor.is/>. Árið 2009 var síðasta styrkárið og nú er verið að ganga frá afrakstri þess til útgáfu. Þá hefur verið hugað að framhaldslífi verkefnisins í formi námskeiða, þátttöku í öðrum tengdum rannsóknarverkefnum og fyrirlestraröð. Sumarliði Ísleifsson og framkvæmdastjóri RA undirbjuggu í desember fyrirlestraröð sem haldin var á vormisseri 2010 og lýkur með málþingi í júní.

2. *MIRRA - Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni*, www.mirra.is var stofnuð árið 2006 í því skyni að auka veg innflytjendarannsókna á Íslandi og tengja með samstarfsneti fræðasamfélagið og þær stofnanir sem vinna að þjónustu við innflytjendur, auk uppsetningar gagnabanka yfir allar rannsóknir sem til eru á málefnum innflytjenda á Íslandi. Gagnabankinn hýsir nú á sjötta hundrað færslur og er í stöðugri upp færslu. Gagnabankann má nálgast á vef MIRRU. Frá upphafi hefur eina fasta fjármagnið sem stofnunin hefur fengið verið styrkur á fjárlögum Alþingis. Í upphafi var hann kr. 4 m. en hefur numið kr. 6 m. s.l., tvö ár. Mikil vinna hefur farið í að afla aukins fjár til rannsókna. MIRRA hefur þrátt fyrir það lokið við tvær viðamiklar rannsóknir árin 2008 og 2009. Annars vegar rannsókn á íþróttaiðkun innflytjendabarna í Breiðholti í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts og ÍR. Hins vegar rannsókn sem unnin var í samstarfi við Rauða kross Íslands og heitir Staða innflytjenda á erfiðleikatímum – raddir og viðhorf, þar sem líðan og upplifun innflytjenda í efnahagskreppunni var metin. Rannsóknin sem náði til alls landsins hefur nú verið gefin út. Sem stendur vinnur MIRRA að stórrí rannsókn á búferlaflutningum Pólverja til Íslands. Könnunin sem ber heitið Mobility and Migration in Times of Transformation – Methodological Challenges (MMTT), hlaut styrk frá Þróunarsjóði EFTA. Rannsóknin er unnin í samstarfi við rannsóknarmiðstöðina Center for Migration Research við Varsjárháskóla og norsku rannsóknarstofnunina Fafo (Institute for Applied International Studies). Áætluð lok MMTT eru í upphafi árs 2011. Rannsókn á íslenskuþekkingu meðal innflytjenda er jafnframt hafin en fjárskortur hefur tafið framgang hennar. Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur veitir MIRRU forstöðu.

3. *Handritamenning síðari alda/Stofnun Gísla Konráðssonar*, SGK. Allt frá upphafi hefur RA haft forystu um að reyna að koma á fót rannsóknum sem tengjast dreifbýlismenningu, alþýðumenningu og handritamenningu síðari alda, með gagngert endurmat á íslenskrri menningarsögu í huga. Verið er að byggja upp alþjóðlegt samstarf um handritamenningu síðari alda með þátttöku helstu fræðimanna heims á því sviði. Árið 2007 munaði minnstu að stór styrkur fengist úr í 7. rammáætlun Evrópusambandsins en með því að stýra umsókninni aflaði RA sér trausts og virðingar í því tengslaneti sem myndað var. RA tók á árinu þátt í norrænu tengslanetsverkefni á þessu sviði sem styrkt er af NOS-HS, en verkefnistjóri er Anna Kuismin, forstöðukona Finniska bókmenntafélagsins. RA tekur þátt í umsókn þessa hóps til NosH. Snemma árs 2009 var tilkynnt um niðurstöður af umsóknum í Markáætlun um öndvegissetur eða -klasa og var umsókn sem RA stýrði, „Prentsmiðja fólksins“ mjög nærri því að fá stóra styrkinn. Hefði hann fengist hefði það orðið gífurlegt framfaraspor fyrir RA. Hins vegar hefur þetta starf styrkt stöðu RA í vísindasamfélaginu. RA stýrði ritun hefðbundinnar öndveigisumsóknar haustið 2009 en hafði því miður ekki heppnina með sér þótt hun hefði fengið afbragðsgóða einkunn. Niðurstöður þessara umsókna eru mikil vonbrigði. Stefnt er að því að skila enn einni umsókn vorið 2010, en félagar RA eru þó farnir að lýjast á árangursleysinu.
4. Ýmis rannsókn- og miðlunartengd verkefni:
- *Norræn goðafræði*. RA er lykilþátttakandi í stóru alþjóðlegu verkefni um norræna goðafræði sem Snorrastofa stýrir. Fyrirhugað er að taka saman nýjustu rannsóknir og þekkingu á goðafræðinni í yfirgripsmikið 6-8 binda verk, með þátttöku helstu sérfræðinga heims á því sviði. Frumundirbúningi er að ljúka og skipaðar hafa verið ritnefndir yfir helstu efnisþætti verksins. Ingunn Ásdísardóttir er ásamt framkvæmdastjóra fulltrúi RA í stjórn verkefnisins og hefur það þokast verulega áleiðis á árinu 2009.
 - *Miðstöð einsögurannsókna*, <http://microhistory.org/> sem er sjálfstæð rannsóknamiðstöð hefur byggt upp alþjóðlegt tengslanet (microhistorynetwork@yahoogroups.com) í samvinnu við ungerska háskólaprófessorinn dr. István Szijártó. Miðstöðin rekur alþjóðlegt

vefsvæði og kom á fót tímaritinu Journal of Microhistory sem Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson ritstýra. Miðstöðin og RA taka þátt í alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem nefnist: „Microhistory in Higher Education. Curriculum Development“, í samvinnu við ungverska og norska fræðimenn. Fyrri vinnufundur verkefnisins var haldinn á Íslandi í ágúst 2008, og hinn síðari í júní 2009. Stefnt er að frekara samstarfi í þessum vettvangi. Stofnunin gaf út á árinu bókina Spánarkónginn eftir Sigurð Gylfa Magnússon.

- *Svartárkot, menning náttúra* <http://svartarkot.is/> – Verkefni í samstarfi við heimamenn um að byggja upp kennslu- og rannsóknasetur í íslenskrri menningarsögu og sambúð manns og náttúru í Svartárkoti í Bárðardal. Verkefnið hefur verið styrkt á fjárlögum undanfarin ár og áhugi á því fer vaxandi hér heima og erlendis því litið er til þess sem frumkvöðlaverkefni á sviði þekkingartengdrar ferðamennsku. Árið 2009 voru haldin mjög vel heppnuð námskeið í umhverfissögu og handritamenningu. Verkefnisstjóri af hálfu RA í hlutastarfi er Axel Kristinsson sagnfræðingur og Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir heimspekingur hefur einnig starfað að verkefninu á vegum RA. Heimamenn í Svartárkoti vinna ötullega að uppbyggingunni með stuðningi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Niðurskurður á fjárlögum ársins 2010 hefur þó orðið til þess að erfitt hefur verið að byggja upp nauðsynlega markaðssetningu.
- *Loftbrú til landsbyggðar* er vinnuheiti á uppbyggingu samvinnuverkefna á sviði menningar og fræða með ýmsum aðilum á landsbyggðinni þar sem menning og saga eru skoðuð í nýju ljósi. Markmiðið er að tengja saman höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Undir þessum hatti má nefna þátttöku framkvæmdastjóra á þekkingarþingi á Skriðuklaustri þar sem hann rakti sögu RA, vegna áhuga Austfirðinga á að stofna Austurlandsakademíu. Þá er framkvæmdastjóri í stjórn Fræða- og menningarsetursins Kaupvang og var haldið einstaklega vel heppnað málþing í samstarfi RA og heimamanna 1.-2. maí, Nýtt Ísland - landshorna á milli, þar sem fræðimenn RA kynntu fræði sín og heimamenn kynntu áttahagana og fræðistörf áhugamanna. Þá var farið í

skoðunarferð um byggðarlagið. Málþingið var sérlega vel sótt allan daginn. Slíkt ráðstefnuhald er ný leið til að tengja fræðimenn RA við byggðarlög á landsbyggðinni. Framkvæmdastjóri RA stýrði þinginu en fyrirlesarar frá RA voru: Björn S. Stefánsson dr. scient, Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, Þuríður Hjálmtýsdóttir sálfræðingur, Salvör Aradóttir leikhúsfraeðingur, Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur og Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur.

- *Handritin heim* er verkefni sem hófst í RA en er nú staðsett í Vestmannaeyjum en það snýst um að greina staðbundinn menningararf og leiðir til að hagnýta hann. Því verkefni er haldið áfram í Eyjum og er verið að leggja lokahönd á skipulagningu samstarfs RA og Vestmannaeyinga þar sem fræðimenn RA munu sækja Vestmannaeyinga heim með fyrirlestra.
- Þá má nefna að félagar í RA taka virkan þátt í uppbyggingarstarfi í Ólafsdal í Dölum, við að endurbyggja húsakost og koma þar upp fræða- og fræðslusetri sem verður nátengt uppbyggingu ferðamennsku á svæðinu. Verkefnið heiðrar minningu Torfa í Ólafsdal, eins helsta nýsköpunarfrumkvöðuls 19. aldar og helstu áhersluatriði verða matarmenning, verkmenning og nýsköpun. RA hefur þó ekki haft tök á meiru en að veita þessu starfi móralskan stuðning.
- ReykjavíkurAkademían tekur þátt í *Prisma*, þverfaglegu diplomanámi í skapandi og gagnrýnni hugsun sem Háskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands hafa hrint af stað. Yfir 130 manns hafa lokið diplómanámi í Prisma og hefur námið vakið athygli út fyrir landsteinanna fyrir nýja og framsækna hugmyndafræði og sérstakt fyrirkomulag náms- og kennslutilhögunar. Vel á sjötta tug fræðimanna leggur þar hönd á plóg og hluti þeirra kemur úr RA. Verkefnið er hugarfóstur Hrundar Gunnsteinsdóttur sem stjórnaði því en Sólveig Ólafsdóttir sagn- og menningarstjórnunarfræðingur í RA hefur tekið virkan í framkvæmdinni allt frá upphafi. Sjá <http://www.bifrost.is/islenska/namsleidir/prisma-nytt-diplomanam/>.
- Samstarf við hinar merku stofnanir á Hólmavík, Þjóðfræðistofu og Strandagaldur, stendur á gömlum merg. Samstarf við Þjóðfræðistofu

hefur verið með ýmsum hætti, meðal annars í gegnum verkefnið Ísland og ímyndir norðursins. Sumarið 2009 tók RA þátt í að skipuleggja nýstárlegt landsbyggðarmálþing á Ströndum í samstarfi við Þjóðfræðistofu, um sagnfræði og þjóðfræði.

- Fullorðinsfræðsla – VARP – HR – Síðustu árin hefur RA reynt að þróa leiðir til hverskonar miðlunar og námskeiðahalds. Árið 2007 var stofnuð miðlunardeild, VARP sem nú hefur byggt upp vefsíðu til að halda utan um fyrirlestrahald og námskeið. Björg Árnadóttir vann að því haustið 2009 að skipuleggja aðventufyrirlestra og fáeinir slíkir voru haldnir. Átak hefur verið gert til að kynna mögulega fyrirlestra og námskeið og verður því haldið áfram. Stefnt er að því að halda áfram að markaðssetja alþýðlegt fyrirlestrahald fyrir vinnustaði. Þá var gerður samstarfssamningur við Háskólann í Reykjavík um samstarf við Opna Háskólann sem þar er rekinn með það fyrir augum að auka hug- og félagsvísindainntak þar. Björg Árnadóttir menntunarfræðingur hefur umsjón með þessum verkefnum. Í kreppunni er þó dræmur markaður fyrir hug- og félagsvísindaleg námskeið.
- Vefritið Kistan sem löngum hefur verið nátengt RA hafði verið í nokkrum þrengingum þegar RA tókst að reisa hana við og taka við rekstri hennar með stuðningi Menningarsjóðs SPRON.
- Í ritröðinni Íslensk menning sem RA gefur út í samstarfi við Hið íslenska bókmenntafélag kom fimmta bindið út: *Andlitsdrættir samtíðarinnar. Síðustu skáldsögur Halldórs Laxness* eftir Hauk Ingvarsson. Ritstjóri er Þorleifur Hauksson. Haldið var útgáfuteiti í sal RA í tilefni af útgáfunni þar sem Haukur Ingvarsson hélt fyrirlestur.
- ReykjavíkurAkademían og kanadíska háskólaútgáfan Presses de l'Université du Québec hafa gefið út bókina *Norður: íslensk börn ímynda sér Norðrið*. Bókin kom út á þremur tungumálum í ritröðinni Imagoborealis, sem er ætlað er varpa ljósi á og túlka hinar margvíslegu táknmyndir Norðursins, vetrarins og Norðurheimskautsins. Ritstjórar eru Daniel Chartier og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, sem skrifa formála. Meginuppistaða bókarinnar eru einstaklega líflæg og falleg myndverk íslenskra barna og unglunga sem ímynda sér „Norðrið“. Myndverkin voru

unnin í Myndlistaskóla Reykjavíkur í tengslum við ráðstefnuna Images of the North, sem ReykjavíkurAkademían stóð fyrir árið 2006.

- Bókasafn Dagsbrúnar er ein af kjölfestunum í starfi RA og var starfsemi safnsins með ágætum á árinu. Undirritaður var samningur við Faxaflóahafnir um framhald á stuðningi við safnið. Hallsteinn Friðþjófsson var áfram starfsmaður safnsins og Anna Jensdóttir var ráðin til umsjónar þess í stað Ásdísar Thoroddsen.
- RA og Bókasafn Dagsbrúnar héldu málþingið *Hédinn og húsaskjólid: Um félagslegar íbúðabyggingar í 80 ár* 15. maí.. Jón Rúnar Sveinsson hafði veg og vanda af skipulagningunni.

Fyrirlestrar:

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ: Verkalýðshreyfingin og húsnaðismálin.

Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur, ReykjavíkurAkademíunni: Frá Verkó til viðbótarlána - Tilurð og þróun félagslega húsnaðiskerfisins.

Sigurður E. Guðmundsson, sagnfræðingur og fyrrverandi framkvæmdastjóri Húsnaðisstofnunar ríkisins: Upphaf og þróun verkamannabústaðanna - Sögulegt yfirlit.

Pétur H. Ármannsson, arkitekt: Stórir draumar um íbúð alþýðumannsins, þáttur félagslegra íbúðabygginga í íslenskri húsagerðarsögu á 20. öld.

Jórunn Ósk Frímannsdóttir, formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar: Uppbygging og þróun húsnaðisaðstoðar í Reykjavík síðustu ár.

Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs: Hlutverk Íbúðalánasjóðs.

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi stýrði pallborðsumræðum.

5. Önnur málþing og fyrirlestrar:

Miðvikudagssemínör og Gammablossar eru helstu raðir stakra fyrirlestra í RA. Lengi voru Miðvikudagssemínörin fastur punktur en þó haldin óreglulega, að mestu óformleg erindi félaga í RA. Nú eru þau orðin að kynningum félaga innanhúss á störfum sínum í umsjá stjórnar félags RA. Gammablossarnir eru opinberir fyrirlestrar í hádeginu fyrsta miðvikudag (og síðar fyrsta föstudag) í hverjum mánuði í umsjá Sigurðar Gylfa Magnússonar og hafa þau verið vel sótt og umræður fjörugar.

- 14. janúar. Soffía Auður Birgisdóttir: „Hugsum öðruvísi með Þórbergi: Hugleiðingar um bókmenntagervi, veruleika og sannleika út frá verkum Þórbergs Þórðarsonar“.
- 11. febrúar. Dr. Gunnþóra Ólafsdóttir: „Náttúrutengsl og upplifanir ferðamanna á Íslandi. Fjögur tengslamynstur vellíðunar“.
- 4. mars. Dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Ísland er ekki líkt tunglinu: Hugleiðingar um þjálfun tunglfara á Íslandi“.
- 8. apríl. Salvör Nordal: „Samfélagsleg ábyrgð viðskiptalífsins. - Hugleiðing um bankahrún og Milton Friedman“.
- 6. maí. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, fyrirlesturinn „Bernska ofurseld valdi. - Hag- og sagnfræðileg greining“.
- 23. október. Böðvar Bjarki Pétursson, forstöðumaður Kvikmyndaskóla Íslands: Kvikmyndanám á háskólastigi.
- 20. nóvember. Ragna Sara Jónsdóttir „Erlendar fjárfestingar og samfélagsáhrif. Getur reynsla af fjárfestingum í þróunarlöndum nýst Íslandi?“

Fyrirlestraröð [ÍNOR verkefnisins](#).

- *Hversdagsvald: Matur, drykkur og ímyndir*, miðvikudaginn 21. janúar. Hildigunnur Ólafsdóttir og Kristinn Schram héldu fyrirlestra undir heitinu Hversdagsvald, matur, drykkur og ímyndir. Athugasemdir og viðbrögð voru í höndum Ármanns Jakobssonar og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir sá um fundarstjórn.

- *Svæðisbundnar ímyndir*, miðvikudaginn 25. febrúar. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Guðrún Helgadóttir frá Háskólanum á Hólum héldu fyrirlestur undir heitinu Svæðisbundnar ímyndir. Athugasemdir og viðbrögð voru í höndum Valdimars Hafstein og fundarstjóri var Ólöf Gerður Sigfúsdóttir.
- *Sjálfsmyndir Íslendinga á 20. öld.* miðvikudaginn 18. mars. Marion Lerner, Júlíana Gottskálksdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir héldu fyrirlestra um *Sjálfsmyndir Íslendinga á 20. öld.* . Guðmundur Hálfðanarson fór með athugasemdir og viðbrögð en fundarstjóri var Ólöf Gerður Sigfúsdóttir.
- *Ímyndir við aldhvörf* 15. apríl, miðvikudaginn 15. apríl. Katla Kjartansdóttir: Hinir nýju víkingar. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir: „Íslensk hönnun“ sem minjagripur. Þorgerður Þorvaldsdóttir: Kynjaímyndir í fortíð, nútíð og framtíð? Athugasemdir og viðbrögð var í höndum Guðmundar Odds Magnússonar.

Meistaraneinar í menningarstjórnun á Bifröst héldu tvö morgunmálþing í samstarfi við RA:

Morgunkaffi í menningarkreppu laugardaginn 17. janúar undir yfirskriftinni *Er íslensk menningarstefna á tímamótum?* Framsögumenn voru:

- Njörður Sigurjónsson, lektor við Háskólann á Bifröst: „Ég flaug í einkaþotu í boði Björgólfs“: Skiptir menningarstefna máli eftir hrunið?
- Friðbjörg Ingimarsdóttir, meistaraneini í menningarstjórnun: Menningarstofnanir og innflytjendur.
- Gerður Jónsdóttir, meistaraneini í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands: Menningarstefnur íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka
- Sólrún Sumarliðadóttir, verkefnistjóri hjá Reykjavíkurborg: Endurskoðun á menningarstefnu Reykjavíkurborgar.
- Sólveig Ólafsdóttir, meistaraneini í menningarstjórnun: Menningarstefnulaus fjárlög?

Morgunkaffi um menningarstjórnun laugardaginn 11. apríl. Eftirtaldir fyrirlestrar

voru fluttir:

- Norræna menningarmódelið: Er það til?
- Er menningarstefna pólitík eða munaður?
- Undir hnífinn: Blómstra listir í kreppunni?
- Menningarstefna á niðurskurðartímum.

Sú hefð er að skapast að Mímir, félag íslenskunema í Háskóla Íslands heldur árlegt fræðafélag í samvinnu við RA. Til stendur að bjóða öðrum nemendafélögum upp á samstarf við slík fræðafélag sem kunna að vera uppbyggilegri en þjórin sem stúdentar sækjast eftir í vísindaferðum.

Mímisþing - málþing íslenskunema í samstarfi við ReykjavíkurAkademíuna var haldið laugardaginn 28. mars. Fundarstjóri var Gyða Erlingsdóttir. Fyrirlestrarnir voru þessir:

- Þorsteinn Surmeli: „Því ég er orðinn ávísun / og þú kvittun“. Náttúra og ónáttúra í ljóðum Þorsteins frá Hamri
- Margrét Samúelsdóttir: Leit í veruleikafirringu. Veruleikaleit, sjálfsleit, makaleit
- Sigurrós Eiðsdóttir: Kaldhæðni og ákveðni skoðuð í Bakþankatextum Þórgunnar Oddsdóttur
- Kristín Lena Þorvaldsdóttir: Að koma auga á málfræðilegar formdeildir. Um hlutverk augna í íslenska táknmálinu
- Magnús Sigurðsson: „Í leiðindum“. Um Evu Hjálmarsdóttur skáld
- Csaba Oppelt: Þýðingar Steingríms Thorsteinssonar á kvæðum Alexanders Petöfi
- Einar Freyr Sigurðsson og Hlíf Árnadóttir: Nefnifallssamræmi og þolmynd
- Sigurður Jón Ólafsson: Erótík í fornaldar- og riddarasögum
- Þorleifur Hauksson: „Grýluvandinn leystur“. Um Sverris sögu

20. maí var haldið málþingið Hvað eru íslensk fræði? í samvinnu við Sagnfræðingafélag Íslands, Félag Þjóðfræðinga á Íslandi, Íslenska málfræðifélagið, Nafnfræðifélagið, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Til máls tóku:

- Þórhallur Eyþórsson - Íslenska málfræðifélagið
- Gottskálk Þór Jenson - Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands
- Sólveig Ólafsdóttir - Sagnfræðingafélag Íslands
- Rósa Þorsteinsdóttir - Félag Þjóðfræðinga á Íslandi
- Guðrún Kvaran - Nafnfræðifélagið
- Þórunn Sigurðardóttir - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Fundarstjóri var Lára Magnúsdóttir.

Íslenska dansfræðafélagið í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna skipulagði fyrirlestur fimmtudaginn 15. október 2009, um skapandi dans. Fyrirlesari var Guðbjörg Arnardóttir, danskennari og skólastjóri Listdansskóla Hafnafjarðar.

Dagana 15.-16. nóvember 2009 var haldin í Skálholti árleg ráðstefna ReykjavíkurAkademíunnar, Skálholtsskóla og tímaritsins *Glímunnar* um „Þjóðir og þjóðarímyndir.“ Eftirtalin fluttu þar fyrirlestra:

- Sigurjón Árni Eyjólfsson, guðfræðingur (Þjóðríkið sem staðleysa).
- Kristinn Ólason, guðfræðingur (Um sjálfsmýnd þjóðar eftir 50 ára útleið), Clarence E. Glad, guðfræðingur (Etnísk orðræða og mótun líkamlegrar samfélagsvitundar á upphafsárum kristni).
- Valborg Kjartansdóttir, lögfræðingur („Að vita hvað sé leyft og hvað sé bannað“ – Sjálfsmýnd og réttlæti).
- Katla Kjartansdóttir, þjóðfræðingur (Sjálfsmýnd þjóðar – Hvað er nú það?).
- Guðmundur Hálfðánarson, sagnfræðingur (Sagan og sjálfsmýnd(ir) íslenskrar þjóðar).

- Guðmundur Andri Thorsson, bókmenntafræðingur (Skoppari eða púlari, trekkari eða frónari – Um sjálfsmynd þjóðar).
- Egill Arnarson, heimspekingur (Þjóðarvitund og þjóðarórar).
- Hallfríður Þórarinsdóttir, mannfræðingur (Íslenska trúboðið – Þjóðernishygga, veraldleg trúarbrögð á Íslandi?).
- Stefán Karlsson, stjórnmálafræðingur (Hlutverk ríkisvaldsins í ritum um hrúnið).

Síðdegisumræða var haldin fimmtudaginn 26. nóvember um landnám Íslands, til að ræða hugmyndir Páls Theódórssonar um tímasetningu á landnámi Íslands. Lengi hefur staðið stýr um kenningar hans sem verulega hafa hróflað við viðteknum hugmyndum um upphaf landnáms á Íslandi. Þessar kenningar hafa verið settar fram á grunni aldursgreiningar á kolefni, svokallaðrar C14 aðferðar. Kenningar um landnám Íslands, upphaf þess og framvindu byggjast á samleik margra fræðigreina. Enn virðist þó ekki vera almenn samstaða um hvernig nota beri C14 aðferðina í þessu samhengi. Því blés ReykjavíkurAkademían til umræðufundar um efnið í von um að bregða megi ljósi á vandann og leita leiða til að stilla saman krafta ólíkra fræðigreina.

Páll Theódórsson eðlisfræðingur hélt erindi um kenningar sínar. Að loknu erindi Páls brugðust vísindamenn stuttlega við kenningum hans:

- Árný Sveinbjörnsdóttir jarðfræðingur
- Kristján Mímisson fornleiffræðingur
- Viðar Pálsson sagnfræðingur
- Þorsteinn Vilhjálmsson eðlisfræðingur og vísindasagnfræðingur.

Eftir kaffihlé voru líflugar umræður. Viðar Hreinsson stýrði fundinum.

Af þeim sem skiptu um skapnað. Haldið var málþing til heiðurs Kristjáni Árnasyni í tilefni af að út var komin þýðing hans á Ummyndunum Óvíds. Erindi fluttu:

- Clarence E. Glad: Ummyndanir við upphaf kristni
- Halldór Björn Runólfsson: Ummyndanir og myndlistin

- Hjalti Snær Ægisson: Fari ekki skáldin með fleipur: Gægst í Ummyndanir Óvíds á íslensku.
- Kristján Árnason las upp úr þýðingu sinni og Ingunn Ásdísardóttir las upp brot úr sama kafla úr þýðingu Jóns Espólíns sýslumanns og sagnaritara, sem til er í eiginhandarriti hans.

Málþingið *Nýr landspítali. Hvar-hvernig-og fyrir hverja?* var haldið í samstarfi við samtök arkitekta. Haukur Viktorsson og Davíð Ólafsson komu að skipulagningunni fyrir hönd RA og stýrði Davíð fyrri hluta þingsins. Eftirtalin erindi voru haldin.

- Dr. Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands: Háskólaspítali - til hvers og fyrir hverja.
- Kristín Á. Guðmundsdóttir, sjúkraliði: Sjúkrahús og innviðir þeirra.
- Guðrún B. Karlsdóttir, sjúkraliði og byggingarverkfr. BSc, MSc nemi í sjúkrahússkipulagi: Starfsemi spítala og spítalabyggingar.
- G. Oddur Víðisson, arkitekt, FAÍ: Nýr spítali - ný tækifæri.
- Dr. Sigríður Kristjánsdóttir, skipulagsfræðingur og lektor L.b.h.Í: Staðsetning spítalans í stækkandi borg.
- Ólöf Örvarsdóttir, arkitekt FAÍ, skipulagsstjóri Reykjavíkur: Skipulag Landspítala í Reykjavík.
- Magnús Skúlason, arkitekt, FAÍ, formaður Íbúasamtaka miðborgar: Fyrirhugaður Landspítali við Hringbraut - og næsta nágrenni.
- Dr. Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor, H.Í: Umferðarspá fyrir sjúkrahús í þéttbýli.
- Dr. Kristín Þorleifsdóttir, landslagsarkitekt, FÍLA: Land-sinn í Lands-laginu.

Fyrsti alþýðufyrirlestur ReykjavíkurAkademíunnar var haldinn laugardaginn 7. febrúar. Þar flutti Gunnar Tómasson fyrirlesturinn *Brestir í hagfræðinni*. Eftir kaffihlé verða almennar fyrirspurnir og umræður. Fundarstjóri var Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.

Annar alþýðufyrirlestur ReykjavíkurAkademíunnar var haldinn fimmtudaginn 28. maí kl. 17:00: Hrund Gunnsteinsdóttir hélt erindið Uppúr hjólförum útrásar og kreppu!!! Fjallaði hún um Prismanámið, sem Háskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands halda í samstarfi við ReykjavíkurAkademíuna hefur tekist einstaklega vel og vakið mikla athygli.

6. Önnur verkefni:

Mannorð þjóðar: Búsáaldabylting í kjölfar efnahagshruns var sýning, sem sett var upp í Hugmyndahúsi Háskólanna og var í umsjón Sigríðar Bachmann.

Hugmyndavinna og hugtakaskilgreiningar vegna nýrrar menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

Sólveig Ólafsdóttir sá um þetta verkefni sem unnið var að ósk borgarinnar og tókst það með eindæmum vel. Verkefnið var að mestu unnið árið 2008 en Sólveig vann með stýrihópi að lokafrágangi að endurskoðun á menningarstefnu Reykjavíkurborgar í apríl og maí 2009. Endurskoðunin var samþykkt í borgarstjórn 16. júní 2009.

Þá tók RA þátt í hugmyndavinnu um framtíðarsviðsmynd fyrir Reykjavíkurborg með því að skipuleggja hugmyndaflugsfund með þátttöku fjölda demóna og fulltrúa Reykjavíkur. Fjöldmargt bar á góma í frjóum umræðum.

7. Listir í RA

Hoffmannsgallerí var stofnað árið 2005 og er sameiginlegt verkefni RA og Myndlistaskólans í Reykjavík. Ein sýning var opnuð á árinu, föstudaginn 17. nóvember: HAGNÝTAR TEIKNINGAR – nothæf fegurð

Teikningin er allt í kringum okkur í endalausum myndum og tilbrigðum. Fyrir utan hina listrænu notkun gegnir hún margskonar hlutverkum öðrum, svo sem undirbúnings- og hugmyndavinnu fyrir margvísleg verkefni, lýsing á hlutum og fyrirbærum og sem þáttur í ýmis konar leiðbeiningum og fyrirmælum. Mikilvægi vinnuteikningarinnar felst oft í því að í gegnum teikninguna er verkið úthugað og

Þannig er teikningin fyrsta skrefið í framkvæmd hlutarins.

Teikningarnar á sýningunni eru allar undir hinum hagnýta hatti. Þær þjóna eða eru unnar með hagnýtu hugarfari, sem vinnuteikningar eða skráning fyrirbæra. Höfundar verkanna eru: hönnuður, rafvirki, húsgagnasmiður, gullsmiður og fagteiknarar, þar á meðal kortagerðamenn. Í sumum verkanna býr fegurðarhugsunin að baki, eins og hjá hönnuðinum og í gömlu staðarteikningunum, en hjá rafvirkjanum er slíkt hugarfar væntanlega víðs fjarri, þó fegurðin loði vissulega við þær.

Sýningarstjórar Hoffmannsgallerís eru Kristinn G. Harðarson og Sólveig Aðalsteinsdóttir

List og ást á Listahátíð: Í samvinnu við danska myndlistamanninn Poul Weile og langtímaverkefni hans Days of Art and Love, Norræna húsið, Samband íslenskra myndlistarmanna, RA og Listahátíðar í Reykjavík verður komið á listviðburðum þar sem list og fræði tengjast dagana 21.-24. maí. Sjá nánar: <http://daysofartandlove.dk/listogastoglist/news.php>